

RE: Til umsagnar - Miðsvæði Mosfellsbæjar 401-M og Sunnukriki 3,5, og 7 - aðal- og deiliskipulagsbreyting

Til : Málfríður K Kristiansen <Malfridur.K.Kristiansen@skipulag.is>
Frá : Lára D. Gunnarsdóttir <larag@mos.is>
CC : Kristinn Pálsson <kristinnp@mos.is>
Heiti : RE: Til umsagnar - Miðsvæði Mosfellsbæjar 401-M og Sunnukriki 3,5, og 7 - aðal- og deiliskipulagsbreyting
Málsnúmer : 202203513
Málsaðili : Mosfellsbær
Skráð dags : 29.06.2022 09:08:30
Höfundur : Lára D. Gunnarsdóttir <larag@mos.is>

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

Póstur móttækinn.
Við munum skoða þetta.

Lára Gunnarsdóttir

Verkefnastjóri skipulagsmála

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar
S: 525-6700

From: Málfríður K Kristiansen
Sent: fimmtudagur, 23. júní 2022 09:36
To: Lára D. Gunnarsdóttir
Cc: Esther Björg Andreassen
Subject: RE: Til umsagnar - Miðsvæði Mosfellsbæjar 401-M og Sunnukriki 3,5, og 7 - aðal- og deiliskipulagsbreyting

You don't often get email from malfridur.k.kristiansen@skipulag.is. [Learn why this is important](#)

Sæl Lára.

Við skoðun á vinnslutillögu deiliskipulagibreytingarinnar áttuðum við okkur á að tillaga að breyttum skipulagsákvæðum aðalskipulags eru villandi og þarf að laga áður en tillagan er tekin til lokaafgreiðslu í bæjarstjórn.

-
Túlka má ákvæðin þannig að heimilt sé að hafa 3 – 6 viðbótarhæðir, þegar allur annar texti í aðalskipulagsbreytingunni og deiliskipulagsbreytingunni skýrir að heimilt sé að hafa íbúðir á hæðum 3 – 6.

-
Eftirfarandi texti væri réttari með eftirfarandi orðalagi: *Á þremur lóðum þar sem heimilt er að hafa viðbótarhæðir, er heimilt að hafa íbúðir á hæðum 3-6 ásamt skrifstofum og annari þjónustu.*

Tafla á bls 40. eftir breytingu:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
401-M	4,5	Norðan íbúðarsvæðis Krikahverfis	Uppbygging hafin í samræmi við deiliskipulag með síðari breytingum. Fjórar stórar lóðir og eldsneytistöð. Tenging við Krikahverfi og Vesturlandsveg.	Svæði fyrir blandaða starfsemi atvinnu- og þjónustufyrirtækja á stórum lóðum. Á þremur lóðum þar sem heimilt er að byggja viðbótarhæðir 3-6 er heimilt að hafa íbúðir, skrifstofur eða aðra þjónustu. Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag.

Vinsamlega staðfestið móttöku þessa posts.

Með kveðju,
Málfríður K Kristiansen.

From: Lára D. Gunnarsdóttir <larag@mos.is>

Sent: 12.05.2022 00:00:00

To: postur@minjastofnun.is; Skipulagsstofnun - SLS; hef@heilbrigdiseftirlit.is; ssh@ssh.is; veitur@veitur.is; shs@shs.is

CC: henny@minjastofnun.is <henny@minjastofnun.is>; Jón Kjartan Ágústsson <>; Kristinn Pálsson <kristinnp@mos.is>

Subject: Til umsagnar - Miðsvæði Mosfellsbæjar 401-M og Sunnukriki 3,5, og 7 - aðal- og deiliskipulagsbreyting

Góðan dag

Mosfellsbær kynnir hér með eftirfarandi skipulagsbreytingar til athugasemda og umsagna. Erindi þetta og fylgigögn verða aðeins send með rafrænum hætti nema óskað verði eftir öðru.

Miðsvæði Mosfellsbæjar 401-M, aðal- og deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, skv 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr 123/2010 og breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr 43. gr. sömu laga.

Miðsvæði 401-M – aðalskipulagsbreyting

Breytingin felur í sér uppfærslu á töflum á bls. 31 og 40 í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Uppfærðar eru fjöldatölur eigna á bls. 31, bætt er við línu fyrir 401-M og heildarfjöldi íbúða er skilgreindur sem 33 innan svæðis. Einnig eru lýsing og skipulagsákvæði svæðis á bls. 40 uppfærð. Upplýsingum um íbúðir er bætt við skipulagsákvæði.

Sunnukriki 3, 5 og 7 – deiliskipulagsbreyting

Verið er að gera breytingar á töflu í greinargerð gildandi skipulags. Þar sem fjöldi eigna og hlutfall fjölbýlis í kafla 3.1 breytist úr 83 íbúðum á 5 lóðum í 116 íbúðir á 8 lóðum. Einnig eru breytingar á skilmálum lóða í kafla 4.2.

Gögn eru aðgengileg á vef Mosfellsbæjar www.mos.is/skipulagsauglysingar og á upplýsingatorgi, Þverholti 2, svo þau sem vilja geti kynnt sér tillögur og gert við þær athugasemdir. Aðalskipulagstillaga er til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Tillögurnar eru kynntar í Mosfellingi og Lögbirtingarblaðinu.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og senda skal þær skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholt 2, 270 Mosfellsbæ.

Þær má einnig senda með tölvupósti á skipulag@mos.is eða á larag@mos.is

Athugasemdafrestur er frá 12. maí til og með 27. júní 2022

Með kveðju,

Lára Gunnarsdóttir

Verkefnastjóri skipulagsmála

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

S: 525-6700

www.mos.is

Gildi Mosfellsbæjar:

Virðing – Jákvæðni – Framsækni – Umhyggja

[Skráning á póstlista fréttu](#)

[Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum](#)